



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 2. febrúar 2026

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - Bikarkeppni KSÍ

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 29. janúar sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta reglugerðarinnar ásamt greinargerð:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.

Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerða er ~~yfirstrikað~~.

IV. Kafli. KNATTSPYRNUMÓT KSÍ

23. grein - Meistaraflokkur karla

[...]

23.2 Bikarkeppni KSÍ

23.2.1 Þátttaka í bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

23.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni

23.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

23.2.4 Keppni skal vera tvískipt, undankeppni og aðalkeppni. Aðalkeppni hefst með 32 liða úrslitum þegar lið í efstu deild karla hefja þátttöku. Draga skal um hvað lið mætast og skal það lið sem dregið er á undan leika á heimavelli.

23.2.5 Í undankeppni taka þátt öll lið nema þau, sem taka þátt í efstu deild **og ríkjandi bikarmeistari**. Skal undankeppninni hagað svo að 20 lið komist áfram í aðalkeppnina. **Ef ríkjandi bikarmeistari tekur ekki þátt í efstu deild skal undankeppni hagað svo að 19 lið komast áfram úr undankeppni**. Við niðurröðun leikja í undankeppni er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. Í undankeppni er félagi, sem á heimaleik, heimilt með samþykki andstæðings að færa leik á heimavöll andstæðings.

23.2.6 Aðalkeppnin (32-liða úrslit) skal hefjast ~~um miðjan~~ **í** apríl og hefja þá liðin sem leika í efstu deild þátttöku. Mótanefnd skal jafnframt heimilt í vissum tilfellum að ákveða að leikur fari fram á

hlutlausum velli ef rökstudd ósk þess efnis berst frá báðum aðilum sökum fjarlægðar eða annarra ástæðna.

23.2.7 Úrslitaleikur bikarkeppninnar skal fara fram á Laugardalsvelli. KSÍ annast framkvæmd leiksins í samráði við leikaðila.

Greinargerð:

Verið er að breyta reglum bikarkeppni KSÍ á þann veg að ríkjandi bikarmeistarar sleppi við að leika í forkeppni og komi til leiks í aðalkeppni. Horft er til sanngirnissjónarmiða og leikjaálags ríkjandi bikarmeistara sem taka þátt í Meistarakeppni KSÍ á svipuðum tíma og forkeppni bikars fer fram auk þess að leika í Evrópukeppni síðar á keppnistímabilinu með tilheyrandi leikjaálagi. Þá er orðalagi um upphaf keppninnar breytt til að veita svigrúm til að hefja keppnina fyrr.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.